

## 72. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 10. apríl 2017 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður

Hörður Helgason

Kristján Sveinsson

Margrét Magnúsdóttir

Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna

Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

### 1) Stjórn Höfða

Samkvæmt tölvupósti frá Akraneskaupstað var samþykkt á bæjarstjórnarfundi að Hörður Helgason taki sæti Ólínar Ingibjargar Gunnarsdóttur í stjórn Höfða. Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir tekur við sem varamaður af Herði.

Lagt fram.

Samþykkt tilnefning um Hörð Helgason sem varaformann stjórnar Höfða.

### 2) Afskriftir viðskiptakrafna

Tillaga frá framkvæmdastjóra um afskriftir tveggja viðskiptakrafna.

Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhæð kr. 93.008.

### 3) Ársreikningur 2016

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarskrifstofunni Álit ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 788,9 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 782,7 mkr. Afskriftir námu 25 mkr. og fjármagnsliðir nettó 13,9 mkr. Tap ársins fyrir óreglulega liði nam 32,7 mkr. Tekjur undir óreglulegum liðum námu 924,8 mkr vegna yfirtöku ríkissjóðs og eignaraðila á lífeyrisskuldbindingum. Rekstrarafkoma ársins er jákvæð um 892,1 mkr. Handbært fé lækkar um 43,7 mkr. og var handbært fé 93,6 mkr. í árslok 2016.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

### 4) Vistunarmál

Samþykkt vistun sex einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

### 5) Viðburðaryfirlit

Lagt fram viðburðaryfirlit fyrir tímabilið 1. febrúar til 9. apríl 2017.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials and names like "G.M.", "H.H.", "O.G.", "H.S.", and "K.H."

**6) Bréf velferðarráðuneytis dags. 3.apríl 2017**

Tilkynning um tímabundna fjölgun hjúkrunarrýma Höfða um fjögur til og með 15.5.2017. Rýmin eru sérstaklega ætluð einstaklingum sem eru með færni- og heilsumat og bíða á Landspítalanum eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými. Stjórn Höfða fagnar því að hægt sé að nýta laus rými sem til staðar eru á Höfða og vonar að áframhald verði á nýtingu þeirra.  
Lagt fram.

**7) Bréf frá Sjúkratryggingum Íslands dags. 21.3.2017**

Sjúkratryggingar hafa veitt Höfða tímabundna undanþágu frá kröfulýsingu rammamennings um þjónustu hjúkrunarheimila. Undanþágan er vegna þess að yfirumsjón með framleiðslu fæðis skal vera í höndum næringarekstrarfræðings samkvæmt kröfulýsingu rammamennings. Undanþágan gildir til loka ársins 2018.  
Lagt fram.

**8) Fyrirspurn um lyfjanotkun á hjúkrunarheimilum**

Í tengslum við fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á Alþingi er óskað eftir að hjúkrunarheimili veiti ráðuneytinu svör við ákveðnum spurningum.  
Lagt fram ásamt svarbréfi Höfða.

**9) Beiðni um launalaust leyfi**

Bréf Sigurbjargar Huldu Guðjónsdóttur þar sem hún sækir um launalaust leyfi til 4. mars 2018.  
Samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30

Ariyana H. Dlafsdóttir  
Krisbjörn Sveinsson  
Hannín D. Helgason  
Halvarð Slutadóttir  
Guðm. Manasdóttir  
Maggret Magnúsdóttir  
Virkur Virkur